

MINNISBLAÐ

DAGS.

09.08.2024

SENDANDI

Elis B. Eiríksson

MÁLEFNI

Byggignarleyfi.

DREIFING

Langanesbyggð skipulags- og umhverfisnefnd.

Björn S. Lárusson

Siggeir Stefánsson

Svar við spurningum skipulags og umhverfisnefndar frá 24. ágúst 2024.

Skipulagsnefnd tók fyrir erindi vegna umsóknar um byggingaleyfi á fundi sínum í dag. Eftirfarandi var bókað:

3 Umsókn um byggingaleyfi Eyrarvegur 4-12


Bókun nefndarinnar: Þar sem deiliskipulag liggur ekki fyrir verður umsókn ekki lögð fram til afgreiðslu. Nefndin vill samt sem áður koma á framfæri eftirfarandi athugasemdum við teikningarnar: Þessi bygging mun verða sú stærsta á Þórshöfn og mikilvægt að hún hafi jákvæð áhrif á ásýnd þorpsins, til dæmis má brjóta upp stóra veggjarfleti með timburklæðningu eða annarri aðlaðandi hönnun. Ekki koma fram í gögnum upplýsingar um lýsingu (ljóskastara) á byggingu og umhverfi hennar. Jákvætt væri ef sú lýsing mundi nýtast hafnarsvæðinu einnig.

Samþykkt samhljóða.

Svar um útlit: Arkitektar Eflu eru búnir að fara yfir útlit frystigeymslu og heildar ásýnd hafnarsvæðis. Niðurstaðan er að leggja til ljósari gráan lit en tilgreindur var í byggingarlýsingu aðaluppdráttu, þ.e. að liturinn verði RAL 9003.

Auk þess er hefð fyrir því er að steiptar árekstarvarnir séu málaðar með bláum lit í samræmi við lit Ísfélags hf.

Einnig er áformað er setja upp tvö baklýst skilti með merki Ísfélags hf annars vegar utan á austurhlið og hins vegar á norðurgæfl eins og sýnt er á mynd. Við hönnun skilta og við uppsetningu verður farið eftir leiðbeiningum í 3. Kafla, 72.gr. í byggingareglugerð.



Svar um lýsingu: Almennt gildir að ljós verða yfir keyrslu- og gönguhurðum auk aðkomu- og umferðaleiða við húsið. Lýsingarhönnuðir Eflu munu fara yfir lýsingarmál og þá einnig skoða lýsingu á hafnarsvæði austan við frystigeymslu mtt. lýsingar á hafnarsvæði. Ekkert er því til fyrirstöðu að setja ljós á austurhlið frystigeymslu sem myndi nýtast hafnarsvæði. Lýsingarhönnuðir Eflu munu fara yfir lýsingarmálin með Ísfélagi hf. og starfsmönnum hafnarinnar á Þórshöfn.